

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2015-16 haldinn 07. október 2015 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Tómas Hrafn, Kristján Pétur, Anton Karl og Kristófer Gunnar. Það vantaði Marcel. Fulltrúar starfsfólks: Guðrún Sigurðardóttir skólastjóri, Jóhannes Elmar Lange starfsmaður og verkefnisstjóri. Fulltrúi foreldra: forfallaðist.

Guðrún setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega nýja fulltrúa nemenda, þá Anton Karl og Kristófer Gunnar.

Guðrún fór yfir það hversu langt væri síðan síðasti fundur var en hvort einhver myndi hvað gert og ákveðið var á þeim fundi. Kristján og Tómas mundu að það var fundurinn sem ákveðið var hvaða nýju útitæki voru valin til að hafa í garðinum. Kristófer og Tómas sögðu líka frá því að þeir hefðu farið í sláturhúsið hjá henni Þórunni og sagt henni frá nýju leiktækjunum og hún hefði verið voða glöð.

Að þessu loknu fór Guðrún yfir það með fundarmönnum hvaða reglur væru á svona fundum. Guðrún fór yfir það með krökkunum að alveg eins og í ARTinu væri það bara einn sem talaði í einu og það þarf að horfa á þann sem er að tala og hlusta vel. Ef maður ætlar að fá að tala þá gerir maður hvað spurði Guðrún. Tómas rétti upp hendina og fékk hrós fyrir. Guðrún benti svo á að þegar fundarstjórinn nefnir eitthvert nafn þá má sá hinn sami tala.

Þegar þessu var lokið ákvað Guðrún að þar sem þetta væri fyrsti fundurinn í langan tíma þá þyrfti að fara yfir það hvað merki grænfánans þýðir og er táknrænt. Hún setti fyrst fram spurninguna: Hvað þurfum við að gera til að fá endurnýjun á Grænfánanum og hvað sjáið þið á myndinni?

Við sjáum bók og trécall sögðu börnin. Guðrún fór þá í gegnum túlkunina. Við ræddum um að ganga vel um náttúruna. Tómas benti á að það mætti samt taka greinar sem væru brotnar. Við ræddum líka það að týna rusl á ferðalögum okkar og vera dugleg að flokka sorp.

- Hringurinn getur táknað jörðina eða sólina.
- Tréð og maðurinn er eitt, maðurinn er hluti af náttúrunni og það er fólki lífsnauðsynlegt að fara vel með náttúruna.
- Bókin minnir okkur á að stundum vitum við ekki allt en verðum að lesa okkur til og læra.
- Litirnir geta líka táknað, grænt fyrir gróður sem er undirstaða alls lífs, blátt og hvítt fyrir hreint vatn og loft.

Guðrún minntist þá á hvað þau hefðu gróðursett um vorið og tekið það upp fyrir tveimur vikum og rætt var hvað við krakkarnir hefðu gert við uppskeruna.

Þá kynnti Guðrún fyrir fundinum þema þessa vetrar og ætlum við að taka áttthagaþemað áfram og skoða það betur. Við ætlum að lesa um tröll og álfa og fara í vettvangsferðir.

Þá veltum við því fyrir okkur hvað við ættum að gera fyrir næsta umhverfisnefndar fund. Tómas kom með hugmynd um að leika í dótinu en Guðrún var fljót að benda honum á að við værum að leika í dótinu á hverjum degi og spurði aftur hvað við gætum gert í grænfánavinnunni, eitthvað sem tengdist tröllum og álfum og þessháttar. Tómas stakk upp á að labba alla leið upp á fjöll. Guðrúnu fannst það svolítið langt og spurði hvort það væri kannski nóg að rölta út í skóg. Krakkarnir jánkuðu því öll einum rómi.

Tómas benti svo á að í skóginum heima hjá honum væru bæði álfar og tröll og líka risaeðlur og Kristján tók undir það.

Að endingu var ákveðið að kjósa um það hvort það ætti að fara í göngutúr út í skóg að leita að álfum og tröllum og eftir svolítið kosningardrama varð að lokum sátt um að gera þetta fyrir næsta grænfánafund.

Þá sagði Guðrún fundinum slitið og fyrsti umhverfisfundur vetrarins var á enda.

Fundargerð: J.E.J.

